



Nemendalýðræði

Lýðræði og mannréttindi er einn af grunnþáttum menntunar skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Forsenda lýðræðis er samábyrgð sem og meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Uppeldi til lýðræðis felst í því að nemandi sé og verði virkur í samfélagi.

Skólastefna Skútustaðahrepps leggur áherslu á að skólarnir setji nemendalýðræði á oddinn og að í öllu skólastarfi hafi nemendur jafnan rétt, óháð kyni, líkamlegu atgervi, uppruna, félagslegri stöðu, aldri, kynhneigð og lífsskoðunum.

Gildi Reykjahlíðarskóla - virðing, vellíðan, árangur - á að vera sýnilegt í öllum samskiptum og starfi skólans. Hver einstaklingur hefur möguleika á að taka þátt í mótun skólastarfsins með gagnrýninni og opinni umræðu.

Í Reykjahlíðarskóla er unnið í anda nemendalýðræðis.

Markmið nemendalýðræðis í Reykjahlíðarskóla er að

- raddir nemenda heyrist og þeir skynji að skoðanir þeirra skipti máli
- nemendur læri um lýðræði með því að taka þátt í virku lýðræðissamfélagi í skólanum
- nemendur láti til sín taka í málefnum sem varða skólann og nærsamfélagið
- nemendur láti sig varða ýmis málefni sem varða heiminn allan og komi skoðunum sínum á framfæri.

Á hverju hausti fá nemendur almenna kynningu á störfum nefnda, stýrihópa, stjórna og ráða innan skólans. Rætt er um lýðræðisleg vinnubrögð s.s. gildi samræðna og samantekt á samræðum um mál sem nemendur vilja koma á framfæri og möguleikum nemenda til að fylgja málum eftir í gegnum nefndir og ráð. Yfirlit yfir hlutverk nefnda/ráða og stýrihópa er sýnilegt í skólaumhverfinu.

Á hverju hausti fá nemendur sem veljast til setu í ráðum og nefndum kynningu á hlutverki nefndar/ráðs/stýrihóps og til hvers er ætlast af þeim sem sitja í nefndinni.



Jákvæður agi

Reykjavíksskóli starfar samkvæmt uppeldisstefnunni Jákvæður agi (e. *Positive Discipline*). Vikulegir bekkjarfundir eru eitt af grundvallaratriðum í Jákvæðum aga. Á bekkjarfundum þjálfast nemendur í samskiptum, auka samhygð og lausnaleit. Allir geta sett mál á dagskrá bekkjarfunda, þar eru settar fram skoðanir eða tilfinningar, hugmyndir að lausnum safnað saman og teknar sameiginlegar ákvarðanir um bestu lausnir. Vinnureglur um bekkjarfundi eru sýnilegar í námsumhverfinu.

Dagskrá bekkjarfundar/gæðahrings

1. við myndum hring
2. við hrósum og þökkum
3. við förum yfir fyrri ákvarðanir
4. við tökum fyrir mál
 - a) deilum tilfinningum og skoðunum - aðrir hlusta
 - b) ræðum án þess að leysa - fáum fram hugmyndir
 - c) veljum lausnir
5. við tökum fyrir önnur mál og verkefni
6. við ljúkum fundinum á jákvæðan hátt.

Skóli á grænni grein

Í grænfánaskólum er lögð áhersla á virkni, þátttöku nemenda og lýðræði. Í umhverfisnefnd skólans eru fulltrúar allra aðila skólasamfélagsins og þar gegna nemendur mikilvægum hlutverkum. Þeir sjá um að meta stöðu umhverfismála og setja skólanum markmið til að bæta úr því sem betur má fara. Þeir fylgja markmiðunum eftir með hjálp skólafélaga, starfsmanna skólans og þátttöku nærsamfélagsins. Umhverfisnefnd skólans og aðkoma allra að umhverfismálum er þannig hluti af lýðræðislegum leiðum sem beitt er í skólastarfinu.

- Nemendum er kennt hvernig þeir geta komið umhverfismálum á dagskrá
- nemendur kljást við raunverulegar áskoranir sem tengjast umhverfi og samfélagi Reykjavíksskóla
- nemendum er ætlað að fást við álitamál og komast að sameiginlegri niðurstöðu



- nemendur leita heppilegra lausna og stuðla að breytingum í nærumhverfi
- nemendur taka virkan þátt í að fara yfir gátlista sem fylgja verkefninu og leggja fram hugmyndir að úrbótum.

Nemendur geta komið málefnum á dagskrá hjá umhverfisnefnd við sinn fulltrúa í nefndinni og einnig við verkefnisstjóra umhverfisnefndar.

Heilsueflandi skóli

Heilsueflandi grunnskólar stuðla að og viðhalda skólasamfélagi þar sem lýðræðishugsun og samvinna ráða ríkjum. Þeir skapa félagsumhverfi sem ýtir undir opinská og einlæg samskipti innan skólasamfélagsins og skapa andrúmsloft þar sem nemendur skynja hvers er ætlast af þeim í samskiptum, umgengni og námi. Í heilsueflandi skólum er mótuð stefna um lýðræðisuppeldi. Í stýrihópi Reykjavíðarskóla um heilsueflandi grunnskóla eru fulltrúar allra aðila skólasamfélagsins og þar á meðal tveir nemendur.

- Haft er virkt samráð við nemendur um málefni sem lúta að heilsueflandi skóla
- nemendur taka þátt í að fara yfir gátlista sem fylgir verkefninu og leggja fram hugmyndir að úrbótum.
- nemendur taka þátt í aðgerðum til heilsueflingar í skóla og samfélagi.

Nemendur geta komið málefnum á dagskrá hjá sínum fulltrúa í nefndinni og einnig hjá verkefnisstjóra umhverfisnefndar.

Nemendafélag

Við Reykjavíðarskóla er starfandi nemendafélag sem skólastjóri er ábyrgur fyrir. Nemendaráð er kosið á hverju hausti sem samanstendur af sex nemendum úr 6. - 10. bekk. Hver bekkur hefur einn fulltrúa og einn varafulltrúa nema tveir fulltrúar eru úr 10. bekk og er annar þeirra formaður nemendafélagsins.

Innan nemendafélagsins er starfrækt sjöppuráð sem í sitja tveir nemendur. Nemendur bjóða sig fram og ef fleiri en tveir bjóða sig fram er blind kosning (leggjast fram á borð og rétta upp hönd)



Sjoppustjóri er nemandi í 10. bekk og með honum er nemandi úr 9. bekk sem að ári verður sjoppustjóri.

Einn kennari er nemendum til stuðnings við félagsstarfið.

Starfsreglur Nemendafélags Reykjahlíðarskóla:

1. gr. Um félagið

Nemendafélag Reykjahlíðarskóla er félag nemenda í Reykjahlíðarskóla.

2. gr. Tilgangur og markmið

Tilgangur félagsins er að vinna að félags-, hagsmuna og velferðarmálum nemenda í Reykjahlíðarskóla og halda uppi fjölbreyttu og reglubundnu félagsstarfi fyrir 6. – 10. bekk. Einnig að koma að undirbúningi viðburða og fleiru í skólastarfinu.

3. gr. Kosning nemendaráðs

Kjósa skal fulltrúa í stjórn nemendafélagsins (stjórnin er hér eftir nefnd nemendaráð) að hausti. Valdir eru sex fulltrúar, tveir fulltrúar úr 10. bekk og einn fulltrúi úr 6., 7., 8. og 9. bekk. Varamenn, einn fyrir hvern bekk. Valið er í ráðið þannig að allir nemendur bekkjanna sitji í nemendaráði að minnsta kosti eitt tímabil.

4. gr. Verkaskipting nemendaráðs

Nemendaráð skiptir með sér verkum og velur formann á fyrsta stjórnarfundi. Formaðurinn skal vera annar fulltrúanna úr 10. bekk.

5. gr. Starfsemi Nemendaráðs

Nemendaráð fundar reglulega með umsjónarmanni og einnig með skólastjóra ef þörf er á eða hann óskar eftir fundi með nemendaráðinu. Starfstími nemendaráðs er frá kosningum að hausti fram að skólaslitum um vor.

Fulltrúar í nemendaráði skulu vera öðrum nemendum skólans jákvæð og uppbyggileg fyrirmynd, jafnt innan skóla sem utan. Nemendaráð skal leita eftir samvinnu og samstarfi við önnur nemendafélög í nágrenni Skútustaðahrepps.

Passa þarf upp á að bjóða upp á fjölbreytta viðburði og viðfangsefni þannig að allir fái eitthvað við sitt hæfi.

Nemendaráð fylgist með því að félagslíf nemenda skerðist ekki á einn eða annan hátt. Ráðið hlustar eftir öllum hugmyndum og gagnrýni félagsmanna hvað varðar málefni félagsstarfs og skóla.

6. gr. Aðkoma að skólaráði

Nemendaráð fundar árlega með skólaráði Reykjahlíðarskóla. Skólastjórnendur geta leitað eftir umsögn ráðsins um hin ýmsu málefni.

7. gr. Viðburðir og verkefni



Helstu atburðir og verkefni sem nemendaráð kemur að með skipulagningu, undirbúningi, markaðssetningu og framkvæmd eru eftirfarandi

- opin hús í skólanum fyrir 6.-10. bekk
- Mývómót fyrir 7. – 10. bekk þar sem nemendum Þingeyjarskóla og Stórutjarnaskóla er boðið
- sjá um sjoppu á jólabingóí og páskabingóí Mývetnings
- tiltekt og frágangur eftir viðburði ásamt öðrum þátttakendum í starfinu
- önnur verkefni sem nemendaráð hefur ákveðið að standa fyrir.

Nemendaráð kemur að ýmsum öðrum verkefnum

- nemendaráð kemur að undirbúningi skólaþings með nemendum
- nemendur undirbúa skólaþing
- nemendur fjalla um skólastarfið í heild sinni og fara yfir ýmis mál sem varða skólastarfið s.s. námið, skólabraginn, félags- og tómstundastarf
- nemendaráð kemur að ákvörðunum um viðburði á sérstökum dögum á skólaárinu s.s. baráttudegi gegn einelti, degi stærðfræðinnar, jólaþema o.fl.
- nemendur fá kynningu á niðurstöðum úr könnunum um líðan nemenda og fá tækifæri til að koma skoðunum á framfæri sem nemendaráð vinnur svo úr
- nemendafélagið getur úthlutað verkefnum til nemendahópa um ýmis mál svo sem undirbúning ákveðinna daga.

Nemendur geta komið málum á dagskrá í stjórn nemendafélagsins í gegnum sína fulltrúa í ráðinu.

Skólaráð - þátttaka nemenda

Skólaráð er mikilvægur vettvangur til að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð allra aðila skólasamfélagsins um skólastarfið. Í skólaráði sitja fulltrúar allra aðila skólasamfélagsins og þar á meðal tveir úr hópi nemenda sem eru kosnir úr hópi 8. - 10. bekkinga. Nemendafulltrúar eru kosnir samkvæmt starfsreglum nemendafélagsins. Kosið er til tveggja ára í senn þannig að einn nýr fulltrúi úr hópi nemenda kemur inn á hverju hausti. Nemendur sem sitja í skólaráði fá í upphafi skólaárs kynningu á hlutverki skólaráðs og sínu hlutverki í ráðinu.

Nemendur fá upplýsingar um þau mál sem taka á fyrir á skólaráðsfundum og fá tækifæri til að undirbúa sig og hlusta eftir afstöðu nemenda sem málið varðar.



Fulltrúar nemenda í skólaráði bera ábyrgð á því að sjónarmið nemenda komist til skila á fundum skólaráðs og þurfa að

- hlusta á skólasystkini sín og tala þeirra máli í skólaráði
- tjá sig í skólaráði og færa rök fyrir máli sínu
- leita sér aðstoðar ef þörf er á
- geta haldið trúnaðarupplýsingum leyndum.

Nemendur koma málefnum á dagskrá hjá skólastjóra.

Skólalöping

Skólalöping er haldið a.m.k. tvisvar á ári og tekur nemendaráð þátt í undirbúningi og framkvæmd þess. Á hverju þingi eru ákveðin málefni tekin fyrir og þau rædd í umræðuhópum. Umsjónarmenn í hverjum hópi eru þeir nemendur úr nemendaráði sem taka þátt í undirbúningi þingsins hverju sinni ásamt skólastjóra. Umsjónarmenn sjá um að kynna niðurstöður í hópunum. Að lokum eru þessar niðurstöður notaðar af kennurum og skólastjórnendum í ákvörðunum varðandi þessi tilteknu málefni.